

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2331  
komudagur 22.4.2008

Iðnaðarnefnd Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík

21. apríl 2008

**Varðar: Umsögn formanns og varaformanns stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf. (HS hf.) um frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.**

Þann 8. apríl s.l. sendi forstjóri HS hf. bréf til nefndasviðs Alþingis sem lýsti m.a. þeim áhrifum sem ný orkulög kynnu óbreytt að hafa á rekstur fyrirtækisins í núverandi mynd.

Í dag er 32% hlutur í HS hf. í eigu einkaaðila og 68% í eigu sveitarfélaga eða fyrirtækis í eigu sveitarfélaga. Í ljósi niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins frá því sl. fimmtudag, þar sem einungis er heimilaður 3% eignarhlutur OR í HS hf. og fyrirbyggjandi viljayfirlýsingar og samkomulags um kaup OR á hlut Hafnarfjarðar í HS, er a.m.k. 28% eignarhlutur í félaginu í uppnámi. Helstu eigendur HS hf. telja því nauðsynlegt að lagarammi orku- og veitufyrirtækja verði skýrður og fljótt sé skapað lagalegt umhverfi sem leysir þann vanda sem nú er uppi.

**Opinber fyrirtæki á orkusviði mega ekki fjárfesta í HS hf. -**

Þar sem innan reksturs HS er m.a. vatnsveiturekstur, sem lögum samkvæmt má aðeins vera í meirihlutaeigu opinberra aðila, stefnir í að HS hf. geti ekki rekið vatnsveitur í óbreyttri mynd nema fyrirtækið sé í meirihlutaeigu opinberra aðila. Ekki er séð að opinberir aðilar muni fjárfesta í samtvinnuðum sérleyfis- og samkeppnisrekstri og enn síður á því verði sem greitt var fyrir þær af OR, enda var það ástæða þess að mörg sveitarfélög seldu hlut sinn í HS hf. Miðað við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna HS/OR er þeim óheimilt að gera það, séu þau í slíkum rekstri fyrir.

**Einkafyrirtæki mega ekki fjárfesta frekar í HS hf.-**

Samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, sem reknar eru af þriðja aðila er einkaaðilum óheimilt að eiga meirihluta í HS hf. Miðað við eignaskiptingu HS hf., er því lítið svigrúm fyrir einkaaðila að koma að auknu eignarhaldi í óbreyttri mynd.

**Tilfærsla eigna í sérleyfisrekstur -**

Ekki verður séð að eignaraðild OR að sérleyfisfyrirtæki, sem stofnað yrði út úr HS hf. um rekstur dreifiveitna og aðskilið er frá framleiðslu í samkeppnisrekstri – sé óheimil. Æskilegt væri að leita samstöðu um slíkt.

Með því að flytja eignarhlut OR yfir til sérleyfisfyrirtækis HS hf., sem sjái um dreifingarþáttinn og væri þá í meirihlutaeigu a.m.k. sveitarfélaganna Reykjanesbæjar og Reykjavíkur (OR), væri unnt að leysa úr þeim vanda sem upp er kominn. Æskilegt væri að leita til fleiri sveitarfélaga sem hagsmuna eiga að gæta varðandi þjónustu og bjóða þeim aðild að slíku félagi. Opinberir aðilar eignast þannig meirihluta í sérleyfisrekstrinum. Það er í anda frumvarps til breytinga á ýmsum lögum um orkumál.

Forsenda þessa er þó að sérleyfisreksturinn verður að skila eigendum sínum eðlilegum arði. Tekjur af raforkudreifingu eru alfarið ákveðnar með tekjuramma sem settur er af

Orkustofnun og samkvæmt lögum sem skylda dreifiveiturnar til raunverulegs tapreksturs af þeirri starfsemi sinni. Eins og fram kemur í bréfi forstjóra HS hf. frá 8. apríl 2008 má öllum vera ljóst að 4 - 5% arðsemi/vextir á fastafjármuni er langt undir raunkostnaði. Að óbreyttu er því um taprekstur að ræða.

Verði af þessum breytingum teljum við mjög brýnt að leitað sé rekstrarleiða sem stuðla áfram að því að daglegur rekstur sérleyfisfyrirtækisins væri á hendi HS hf. þ.e. framleiðslufyrirtækisins, með samstarfssamningi þar um.

#### **Andstaða við eignarhlut að 2/3 í sérleyfisrekstri – meirihlutaeign nægir -**

Rekstur vatnsveitu er lögbundið skylduverkefni sveitarfélaga í þéttbýli, eins og áður hefur verið bent á, en rekstur dreifi- og hitaveitu telst hins vegar ekki til slíkra lögbundinna verkefna. Enn skal ítrekað að binding sveitarfélaganna að 2/3 eignarhlut í hvers kyns sérleyfisrekstri, skv. nefndu frumvarpi er að okkar mati engan veginn sanngjörn gagnvart sveitarfélögum og bindur að óþörfu meira fjármagn þeirra í slíkri starfsemi – Ásættanlegt er að miða við meirihlutaeign opinberra aðila/sveitarfélaga líkt og nú þegar er kveðið á um í 4gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32 /2004.

Sérstök áhersla er lögð á af hálfu HS hf. að sambærilegt ákvæði og er í núverandi vatnsveitulögum nægi um eignarhald í sérleyfisrekstri.

#### **Eignarhald lands í höndum opinberra aðila -**

Tilgangur frumvarps til orkulaga er að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Er það gert til að tryggja að öll mikilsverðustu vatns- og jarðhitaréttindi sem nú eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, haldist áfram í eigu þessara aðila.

Stærstu eigendur í HS skilja að miklir þjóðhagslegir og samfélagslegir hagsmunir tengjast eignarhaldi og nýtingu orkuauðlinda landsins og því sé ríkur vilji til að þær verði áfram í samfélagslegri eigu. Þótt þetta ákvæði eigi ekki við um HS hf., hafa núverandi eigendur sýnt þessu sjónarmiði fullan skilning. Nú er unnið að samkomulagi um að a.m.k. Reykjanesbær eignist það land og jarðhitaréttindi sem nú er í eigu HS hf. Æskilegt er að leita til fleiri sveitarfélaga sem hagsmuna eiga að gæta um aðild að þessu verkefni. Þannig fari land og jarðhitaréttindi HS hf. í fulla eigu opinberra aðila og samið verði við HS hf. um afnot.

#### **Sérleyfis- og samkeppnisþættir aðskildir að fullu -**

Flest orkufyrirtæki landsins stunda bæði samkeppnisstarfsemi og starfsemi sem háð er sérleyfum. Með frumvarpinu er lagt til að í stað bókhaldslegs aðskilnaðar verði gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað, þ.e. að sérleyfis- og samkeppnisþættir skuli reknir hvor í sínu fyrirtæki. Er þessi stefna mörkuð til að tryggja jafnan aðgang framleiðenda að flutnings- og dreifikerfum raforku og koma í veg fyrir samkeppnishindranir sem kunna að leiða af því að sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi er á sömu hendi.

Þrátt fyrir augljósan kostnaðarauka sem af þessu hlýst og skýrður hefur verið í erindi forstjóra HS hf. frá 8. apríl síðastliðnum er tekið undir þau sjónarmið að uppskipting hljóti að koma í veg fyrir samkeppnishindranir.

Eins og fram kemur í skýringum með frumvarpinu hefur Samkeppniseftirlitið bent á að taka þurfi til umfjöllunar á vettvangi orkufyrirtækja og stjórnvalda að skilja með

skýrari hætti milli einkaleyfis- og samkeppnisþátta raforkumarkaðarins, þ.e. flutnings og dreifingar annars vegar og framleiðslu og sölu hins vegar. Að mati Samkeppniseftirlitsins er það í samræmi við markmið samkeppnislaga að skilja að eignarhald samkeppnis- og einkaleyfisþátta, en að lágmarki að skilja þessa starfsemi að í sjálfstæðum félögum.

Í frumvarpinu er þessi leið farin og lagt til að gerð verði krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi verði rekin í aðskildum fyrirtækjum. Ekki er gerð tillaga um að skilið verði á milli eignarhalds en settar verði reglur um sjálfstæði stjórnar með sambærilegum hætti og gildir um Landsnet. Á þetta geta eigendur HS hf. fallist.

Í 1. gr. raforkulaga kemur m.a. fram að markmið laganna sé að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Tekið skal undir að aðskilnaður samkeppnis- og sérleyfisþátta og meirihlutaeignarhald opinberra aðila yfir fyrirtækjum sem stunda sérleyfisstarfsemi mun auðvelda markaðsvæðingu raforkugeirans.

#### **Brýnt að leiðrétta mismunun á milli samkeppnisfyrirtækja -**

Í erindi forstjóra HS hf. frá 8.apríl er bent á mismunun í samkeppnisrekstri, bæði hvað varðar stærð orkufyrirtækjanna og heimild þeirra til sérleyfisrekstrar og einnig opinberar ábyrgðir til aðeins sumra fyrirtækjanna, sem þó eiga að starfa á samkeppnissviði. Tekið er undir það sjónarmið að hér þarf að huga að jafnræðisreglu mun betur en gert er í lögnum.


Samkvæmt frumvarpinu er handhöfum virkjunarleyfa heimilt að eiga áfram hlut í flutningsfyrirtækinu Landsneti. Þegar hlutverk nýrra orkulaga er að skýra línur og afmarka starfsemi orkuiðnaðar skýtur skökku við að eitt samkeppnisfyrirtækið, Landsvirkjun, megi eiga í flutningskerfinu.

#### **Nauðsynlegt að lengja tímabil afnotaréttar -**

Ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu, sbr. 2. mgr., er heimilt að veita tímabundið afnotarétt að réttindum skv. 1. mgr. til allt að 65 ára í senn. Líftími orkuvera stefnir í að vera mun lengri en nefndur árafjöldi. Gerðir hafa verið samningar á milli orkufyrirtækja og jarðeigenda um afnot af jarðhita til 99 ára og gætu slíkir samningar, sem eru í fullu gildi, verið sanngjörn viðmiðun.

Að framansögðu og sé meirihluti á Alþingi til að fylgja eftir umræddu lagafrumvarpi, teljum við undirritaðir fulltrúar eigenda að 2/3 hlutafjár í HS hf. brýnt, að í ljósi þeirrar flóknu stöðu og óvissu sem uppi er um eignarhald á HS hf. vegna viðskipta OR í HS hf., verði breytingum á fyrirliggjandi orkulögum flýtt sem kostur er - að undangengum þeim nauðsynlegu breytingum sem hér að ofan hafa verið nefndar.

  
Arni Sigfússon, formaður stjórnar HS hf.

  
Asgeir Margeirsson, varaformaður stjórnar HS hf.